

Tilmæli 12/2020

| | |
|-------------------|---|
| Fyrri skjalsnúmer | A 1796/välfärd |
| Afgreiðsla | Norræna velferðarnefndin |
| Fylgiskjal/-skjöl | Nefndarálit um þingmannatillögu um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum (A 1796/välfärd) |

Forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 15. desember eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar REF trlReviewBy * charformat.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að unnið verði að því að draga úr sjálfsvígum í hverju og einu norrænu landanna um 25 prósent fram til ársins 2025 og með því langtímamarkmiði að þau þekkist ekki á Norðurlöndum

að unnið verði að þeirri sameiginlegu framtíðarsýn að sjálfsvíg þekkist ekki meðal neinna áhættuhópa á Norðurlöndum

að unnið verði að þeirri framtíðarsýn fyrir árið 2025 að sjálfsvíg á lestarteinum þekkist ekki á Norðurlöndum

að haldið verði á lofti hve ráðgjafarstöðvar fyrir ungmenni séu gott dæmi um hvernig draga megi úr andlegri vanheilsu barna og ungmenna á Norðurlöndum

að efnt verði til leiðtogafundar árið 2021 til að norrænu löndin geti skipst á þekkingu um forvarnir gegn sjálfsvígum

að safnað verði saman þekkingu og fenginni reynslu af sjálfsvígum og sjálfsvígstilraunum á tímum kórónuveirufaraldursins

Kaupmannahöfn, 21. desember 2020

Silja Dögg Gunnarsdóttir

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs